

Nd.

99. Frumvarp til laga

[96. mál]

um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981).

1. gr.

1. og 2. málslíður 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 80/1980, orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greiða til og með 31. desember 1982 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 24% gjald:

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta um breytingu á lögum nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum er lagt fram til framlengingar á innheimtu sérstaks vörugjalds á árinu 1982, en samkvæmt beinum fyrirmælum laganna falla þau úr gildi um n. k. áramót. Eins og fram kemur í forsendum að frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1982, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir að lögin verði framlengd óbreytt. Í athugasemdum við fjárlagafrumvarpið kemur fram að gert er ráð fyrir að sérstakt vörugjald skili ríkissjóði í tekjur um 519 m. kr. Til samanburðar má geta þess að samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1981 var gert ráð fyrir að tekjur af sérstöku vörugjaldi yrðu 368 m. kr. en í endurskoðaðri tekjuáætlun er gert ráð fyrir að þær verði tæplega 383 m. kr.